

Vísir að vélbátaútgerð

Aukin byggð og útgerðartilraunir



Íbúðarhúsið Ás í upphaflegri gerð.

Ás

Þriðja hús þorpsins, járnvarið timburhús sem nefnt var Ás, var reist árið 1921. Byggði það Stefán Valdimar Þórðarson í félagi við Einar Sveinsson og konu hans, Sigríði Kristjánsdóttur. Þjuggu þeir með fjölskyldum sínum í Ási til æviloka og mun aldrei hafa orðið sundurorða en auk þess að deila húsi stóðu þeir í útgerðartilraunum saman. Stefán fékkst mikið við smíðar, smíðaði báta, hús, mublur o.fl. Hann stækkaði Ás þrívægis og kom sér upp dálitlu trésmíðaverkstæði árið 1956 en um 1930 byggði hann sér salthús sem gekk undir nafninu „Stebbaskúr“. Nú hægðist á íbúðabyggingum á Breiðdalsvík um skeið, næsta íbúðarhúsið var Hamar sem reist var um miðjan fjórða áratuginn.



Garðar Þorgrímsson, Heimir Þ. Císlason og Þórður Þorgrímsson 1942.



Fyrir framan gamla Selnesbæinn 1946, bílstjórinn Hafsteinn Jónsson fremstur.



Gamli Selnesbærinn og Breiðdalsvík í bakgrunni.



Breiðdalsvík á fjórða áratugnum.

Vélbátartilraunir

Sjósókn var ekki fyrirferðarmikil búgrein í Breiðdal í gegnum aldirnar en þó gerðu nokkrir bændur út róðraskip er öfluðu einkum til heimilisþarfa og dálítið var lagt inn í verslun. Fyrir aldamótin 1900 hófðu Breiðdælir haft með sér útgerðarfélag og gerðu út tvo róðrabáta frá Stöðvarfirði. Árið 1921 var stofnað félag um kaup á motorbátinum Síðu-Halli frá Eskifirði. Félagið gerði bátinn út frá Breiðdalsvík á vorvertíð, en frá Norðfirði á haustin og frá Hornafirði á vetrarvertíð. Í tengslum við útgerðina var útbúið ishús á Selnesi, þar sem Brynesverslun var áður, til að tryggja ferska beitu. Reksturinn gekk fremur illa og var báturinn að lokum seldur árið 1924. Í kjölfarið urðu ýmsir sér úti um trillur og gerðu út. Nokkrir bændur áttu og róðrabáta og færðist það í vöxt er leið á þriðja áratuginn.

Mótorbátur til sölu.

Mótorbáturinn „Síðu-Hallur“, 14,85 tonn með 18 hesta „Avance“ vél, sem er jafn gömul og báturinn (bygður 1916 á skipasmíðastöð M. Guðm., Rvík.) er til sölu. Báturinn er með tveimur möstrum, segl í góðu standi, tvö atkeri með keðjum, línuspil, atkerisspil og margt fleira fylgir. Væntanlegir kaupendur gefi sig fram nú þegar.

G. Jóhannesson, Eskifirði
Símanúmer: Jóhannesson. Talsími 6

Síðu-Hallur boðinn til kaups árið 1921 og Breiðdælringar láta ekki segja sér það tvisvar.

Fundinn furðufiskur

Sjávarafli Breiðdælinga var einkum þorskur og ýsa eins og annars staðar en einn drógu róðrarmenn þó fleiri sortir, sumar býsna nýstárlegar. Ekkert af því var þó eins fréttæmt og furðufiskur sá er rak á land á Breiðdalsvík árið 1936 og sagt var frá í útvarpi, blöðum og tímaritum og rannsakaður af fiskifræðingi. Þetta var sverðfiskur en einstakt er að sú tegund finnist á svo norðlægum slóðum – er þetta raunar í eina skiptið sem slík skepna hefur fundist við Ísland. Sverðfiskurinn á Breiðdalsvík var engin lonta, hann mældist 265 sm langur og „sverðið“ fram úr trjónu hans var 78 sm langt. Það var Þorgrímur Guðmundsson á Selnesi sem fann fiskinn í Skötuvík, en hann var að koma fótgangandi frá Stöðvarfirði.

Sverðfiskur rekur í Breiðdalsvík!

Ný-danðan sverðfiskur rak á land í Þverhamarslandi við Breiðdalsvík síðastliðinn þriðju-dag. Sverðfiskurinn er Suðurhafsfiskur og engin dæmi til þess áður, að hann hafi fundist norðar en við Englandsströnd. Þessi fiskur er 265 sm langur. Sporðbreidd er 70 cm og trjónan eða sverðið sem skagar fram úr efra skolti fiskins, er 78 cm á lengd. (PÚ)

Slátrun

Farið var að slátra sauðfé á Breiðdalsvík þegar verslunarhúsið á Selnesi hafði verið reist, 1896, en áður hafði öll slátrun farið fram á Djúpavogi eða féð var selt Englendingum á fæti. Á Breiðdalsvík annaðist hver bóndi slátrun síns fjár framan af og fór slátrunin öll fram utandyra, skrokkarnir voru hengdir upp á gálga útivið, látnir kólna, síðan lagðir inn, vigtaðir og hengdir upp inni í húsi.

Árið 1931 reisti Kaupfélagið loks slátruhús, járnskúr með steinsteyptu gólfi. Tók félagið þá slátrunina að sér, garnir voru hirtar og saltaðar og seldar upp í kostnað en fjáreigendur greiddu sjálfir afganginn eftir kindatölu. Allt var saltað þar til hraðfrystihús var stofnað 1946 og tók til starfa 1948.

Hið eilífa myrkur

Árið 1940 sagði skipstjóri nokkur á strandferðaskipi í blaðagrein: „Má með réttu segja, að nokkurn veginn sé upplýst ströndin alla leið [frá Hornafirði] til Reyðarfjarðar, þar sem vitatýra er á hverju andnesi ... Þó er Breiðdalsvík þar undan skilin. Hún er ennþá í hinu eilífa myrkri, þrátt fyrir mörg sker og boða og krókkotta innsiglingu.“


Árið 1942 var loks reistur 8,5 m hvítur vitturn á Selnesi og lýsti vitinn sæfarendum inn á vikina frá 15. júlí til 1. júní ár hvert.



Selnesviti ný uppsteyptur 1942 og strandferðarskip á legunni.

Sverðfiskur rekur í Breiðdalsvík!

Ný-danðan sverðfiskur rak á land í Þverhamarslandi við Breiðdalsvík síðastliðinn þriðju-dag. Sverðfiskurinn er Suðurhafsfiskur og engin dæmi til þess áður, að hann hafi fundist norðar en við Englandsströnd.



Tekning: Jón Baldur Hlíöberg.